


Greinargerð með síðari umræðu fjárhagsáætlunar 2019-2022

Fjárhagsáætlunarferlið

Undirbúningur vegna fjárhagsáætlunar 2019-2022 hefur staðið yfir frá því í september. Sveitarstjórn hefur komið sér upp ákveðnu verklagi við fjárhagsáætlanagerðina til að sem flestir geti tekið þátt og komið með ábendingar og athugasemdir. Fyrir utan aðkomu nefnda og forstöðumanna kallar sveitarstjórn til fulltrúa eldri borgara og ungmennaráðs ásamt því að boða til íbúafundar. Þátttaka samfélagsins í gerð fjárhagsáætlunar er mikilvæg þar sem niðurstaða hennar er bindandi fyrir sveitarstjórn þegar kemur að rekstri sveitarfélagsins á næsta ári.



Helstu forsendur fjárhagsáætlunar 2019 og þriggja ára áætlunar 2020-2022.

Almennar forsendur líkt og verðlagsbreytingar, útsvar og fasteignamat eru opinberar upplýsingar sem ýmist koma frá Þjóðskrá, Hagstofu eða fasteignamati.

Reiknað verður með 2,9% almennum verðlagsbreytingum 2019 og öðrum verðlagsbreytingum samræmi við þjóðhagsspá Hagsstofu Íslands til 2022. Launabreytingar eru áætlaðar 6%.

Hækkun útsvars verður um 7,2% miðað við áætlaða staðgreiðslu tekjuárið 2019.

Útsvarshlutfall verður áfram í hámarki eða 14,52%

Hækkun á fasteignamati er 13%

Fasteignagjöld skv. a- lið, íbúðir og útihús, 0,625%

Fasteignagjöld skv. b- lið, opinbert húsnæði, 1,32%

Fasteignagjöld skv. c- lið, atvinnuhúsnæði, 1,65%

Holræsagjald verði 0,25% af fasteignamati húss og lóðar á Kirkjubæjarklaustri.

Ný gjaldskrá tekur gildi fyrir slökkviliðið á næsta ári. Engar breytingar verða á gjaldskrá vegna sorphirðu og sorpeyðingar. Gjaldskrár mótuneytis, tónlistarskóla og leikskóla taki vísitölubreytingu í janúar og júlí. Gjaldskrá íþróttamiðstöðvar hækkar lítilla en vegna hunda- og kattahalds og félagsheimila verða óbreyttar.

Þriggja ára áætlun 2020-2022 er gerð á föstu verðlagi.

Aðalsjóður helstu viðbætur/breytingar

Hér fyrir neðan er farið yfir helstu breytingar eða viðbætur fyrir hvern málaflokk sem ákveðið hefur verið að gera á næsta ári fyrir utan hækkanir launa og annan rekstrarkostnað samkvæmt vísitölum.

Félagsþjónusta:

Styrkur að upphæð 5,5 millj. til Klausturhóla á móti húsaleigu fellur niður. Gert ráð fyrir 200 þús kr. styrk til félags eldri borgara. Afsláttur fasteignagjalda eldri borgara hækkar sem nemur hækkun fasteignagjalda eða um 13% á milli ára.

Fræðslumál:

Gert er ráð fyrir 300 þús.kr. vegna Heilsudaga 2019.

Kærribær:

Stöðugildum hefur fjölgað og verða 7,4 á næsta ári en einnig eru aukin laun og launatengd gjöld ræstingar í kjölfar stækkunar leikskólans. Tekjur vegna fjölgunar barna aukast um 15%. Kaupa þarf ýmsa innanstokksmuni í nýja húsið og er gert ráð fyrir kostnaði að upphæð 1300 þús.kr.

Kirkjubæjarskóli:

Byrjað verður að endurnýja borð og stóla fyrir nemendur og verður það gert í áföngum næstu árin. Að öðru leyti er gert ráð fyrir svipuðum rekstrarútgjöldum fyrir utan smávægilegar breytingar á einstaka liðum.

Tónlistarskóli:

Áætlun tónlistarskóla er að hækka umtalsvert á milli ára sem skýrist að mestu leyti af hækkun launa skv. kjarasamningum. Annar rekstrarkostnaður verður svipaður milli ára.

Menningarmál

Bókasafn:

Komið verður upp sérstakri tungumáladeild á bókasafnið með bókum á erlendum tungumálum. Bæði til að auka valmöguleika grunnskólabarna á bókum á erlendum tungumálum til yndislesturs en einnig myndi það nýtast íbúum af erlendum uppruna. Kaup á hillum er áætluð 400 þús.

Fornleifarannsóknir:

Gert er ráð fyrir stuðningi við sjálfstæðar fornleifarannsóknir að upphæð 500 þús

Verslunarmannahelgin – sumarhátíðir

Gert er ráð fyrir 200 þús.kr vegna hugmynda íþróttá- og tómstundanevndar í samvinnu við menningarmálanefnd um að standa fyrir viðburðum um verslunarmannahelgina á næsta ári.

Uppskeruhátíð og aðrir styrkir:

Uppskeruhátíðin fær áfram 500 þús.kr en einnig er gert ráð fyrir sömu upphæð sem nýst getur í aðra viðburði.

Æskulýðs- og íþróttamál:

Framlög til 17. Júní hátíðahalda hækka í 400 þús. Ekki er gert ráð fyrir íþróttá- og tómstundafulltrúa í 40% starfi vegna fæðingarorlofs en keypt verði vinna af starfandi íþróttakennara sem mun sinna ýmsum verkefnum í tímavinnu s.s. íþróttatímar fyrir leikskólann

Kærabæ, hjúkrunar- og dvalaheimilið Klausturhóla og fjölbreytta hreyfingu fyrir 60+. Laun vegna félagsmiðstöðvar hækka einnig milli ára þar sem gera þarf ráð fyrir umsjónarmönnum hennar. Einnig er gert ráð fyrir 400 þús.kr í annan rekstrarkostnað félagsmiðstöðvarinnar til kaupa á ýmsum búnaði og innanstokksmunum. Áætlað er að bjóða uppá vinnuskóla næsta sumar. Hækkun á framlagi til íþróttahússins skýrist að mestu leyti af áætluðum kostnaði við kaup á olíu til hitunar vegna bilunar varmadadælu. Gert er ráð fyrir 500 þús.kr vegna skipulagningar og hönnunar á íþróttasvæði sem áætlað er að verði hafin vinna við 2020. Boðið verður uppá frístundastyrki að upphæð 20 þús. á ári fyrir hvert barn á aldrinum 6-17 ára vegna þátttöku í skipulögðu frístunda-/tómstundastarfi.

Brunamál- og almannavarnir:

Miklar breytingar eru á framlagi til brunamála vegna reglugerðar um starfsemi slökkviliða sem tók gildi síðasta sumar. Krafist er þess að slökkviliðið sé með bakvakt utan hefðbundins vinnutíma. Framlag til slökkvilið eykst því um 100% á milli ára.

Skipulags- og byggingamál:

Gert ráð fyrir kostnaði vegna starfsmanns í 100% starf frá áramótum ásamt kostnaði vegna þjónustukaupa sem verða við tilfærslu verkefna frá núverandi fyrirkomulagi. Sveitarstjórn ákvað eftir kosningar að taka upp aðalskipulagið og er gert ráð fyrir 2 millj. vegna þess næstu þrjú árin. Áfram er gert ráð fyrir að skipulagsnefnd standi fyrir skipulagsdegi.

Atvinnumál:

Gert er ráð fyrir stórauknu framlagi til Kirkjubæjarstofu vegna samstarfs um atvinnumálafulltrúa. Framlagið er áætlað 12,5 millj. Áfram er gert ráð fyrir framlagi til Kötlu jarðvangs og Náttúrustofu Suðausturlands en framlagið til Friðar og frumkrafta fellur niður.

Fjárgirðingar- og landgræðsla:

Gert er ráð fyrir 2,5 millj. vegna ýmissa verkefna við lagfæringu á girðingum og lögréttum í sveitarfélaginu og er þar af áætlað fjármagn í viðhald á Skaftárrétt 1,5 millj.

Sameiginlegur kostnaður

Engar verulegar breytingar verða á rekstri skrifstofu á næsta ári. Kostnaður vegna samnings Skaftárhrepps við Dattacalabs vegna persónuverndarfulltrúa er 1,5 millj.kr. Þrátt fyrir að niðurstaða sé nú komin í skaðabótamáli sem höfðað var gegn sveitarfélaginu er áfram gert ráð fyrir lögfræðikostnaði að upphæð 2 millj.kr. þar sem fyrirséð er leita þarf ráðgjafar bæði vegna lúknings landaskipta og ábyrgðarmála varmadælu í íþróttahúsi.

Eignasjóður

Fyrir utan viðhaldsverkefni er gert ráð fyrir sölu á Klausturvegi 15 að upphæð 18,9 millj.

Viðhaldsverkefni og fjárfestingar

Þau viðhaldsverkefni sem er fyrirsjáanlegt að þörf er á að ráðist verði í á næstu árum erum eftirtalin;

Kirkjubæjarskóli; Ýmis málningarvinna inni, endurnýjun á hillum í mötuneyti, viðgerð á gluggum og endurskoðun á loftræstikerfi.

Íþróttahús; Lagfæring á þakleka, málning á suður/austurhlið hússins

Sundlaug; Lagfæring á rakaskemmdum í búningsklefum og anddyri

Félagsheimilið Kirkjuhóll; Málning á austurhlið

Kæríbær; Setja upp nýja girðingu við aðkomu, hólf í viðbyggingu, ný uppþvottavél,

rúðuskipti. Ýmis málningarvinna innanhús og hús málað að utan.

Gámasvæði: þökulögn á mön, ýmis frágangur og merkingar

Bókasafn: viðgerð á gluggum

Færsla	Aætlun/ Uppgj.	Lýsing	Upphæð
31	2019	Kirkjubæjarskóli	5.400.000
32	2019	Íþróttahús	5.500.000
33	2019	Sundlau	3.000.000
34	2019	Félagsheimilið	500.000
35	2019	Kæribær	3.150.000
36	2019	Gámasvæði	1.500.000
37	2019	Bókasafn	500.000
38	2019	Gatnakerfi	13.000.000
39	2019	Geymslustöð	1.500.000
40	2019	Tungusel	400.000
41	2019	Múlakotsskóli	500.000
42	2019	Leiguíbúðir	4.500.000
43	2019	Klausturhólar 1 og 2	1.000.000
44	2019	Fráveita	6.500.000
45	2019	Fél. íbúðir	3.000.000
Samtals viðhald og framkvæmdir			49.950.000

Gatnakerfi: Klæðning á Klausturveg er stærsti kostnaðarliðurinn hér en einnig þarf að bæta við bílastæðum við leikskóla og laga veitukerfi. Lagfæring gangstétta og ýmsar smáviðgerðir gatnakerfis.

Geymslustöð: hefja vinnu við hönnun áhaldahúss en einnig þarf að lagfæra aðbúnað í núverandi húsnæði.

Tungusel: ýmsar lagfæringar á húsnæði

Múlakotsskóli: kostnaður á móti styrk frá húsafriðunasjóði sem fékkst 2016 og þarf að flytja á milli ára.

Leiguíbúðir: Lagfæringar á þakköntum á Skerjavöllum 3 og 5. Frágangur á lóðum við Skaftárvelli D og F.

Klausturhólar 1 og 2: hönnun eldhúsa í íbúðum eldri borgara og þakviðgerðir á sameign

Fráveita: úttekt á fráveitukerfinu á Kirkjubæjarklaustri. En einnig er gert ráð fyrir viðgerðum vegna rotþróar á Iðjuvöllum.

Félagsl. Íbúðir: Gert er ráð fyrir endurbótum á Skaftárvöllum 1 og baðherbergi á Skaftárvöllum 1a.

Fjárfestingar

Hluti af þeim fjárfestingum sem áætlaðar voru árið 2018 koma til með að flytjast á milli ára að hluta eða öllu leyti.

Færsla	Aætlun/ Uppgj.	Lýsing	Upphæð
46	2019	Tónlistarskóli	5.000.000
47	2019	Skrifstofa skólaritara/in	3.500.000
48	2019	Slökkvilið	5.000.000
49	2019	Kirkjubæjarskóli	38.000.000
50	2019	Gámasvæði	6.000.000
51	2019	Íþr. hús/sundl	28.000.000
52	2019	Gangstéttir	10.000.000
53	2019	Jólaskraut	2.500.000
54	2019	Miklafell	1.500.000
55	2019	Tæki f. áhaldahús	4.000.000
Samtals fjárfestingar			103.500.000

Ekki náðist að fara í uppbyggingu hesthúss í Miklafelli og fer það því yfir á 2019. Vegna breytinga á skólahúsnæði er gert ráð fyrir eftirtöldum fjárfestingum; flutningur Tónlistarskóla, skrifstofa/móttaka og lyfta. Planið við íþróttahúsið og gangstéttar framkvæmdir flytjast á milli ára og verður boðið út í byrjun árs 2019. Einnig kaup á myndavélakerfi og ljósastaurum fyrir gámasvæðið. Gert er ráð fyrir að slökkviliðið geti endurnýjað bíl á árinu. Festa þarf kaup á tækjum fyrir áhaldahúss til að sinna slætti ofl. Endurnýja þarf jólaskraut sem komið er til ára sinna.

Ekki er gert ráð fyrir nýjum lántökum 2019